

Fimmtudaginn 16. júní 1994.

Nr. 197/1994.

**Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

**Guðmundi Ragnari Ólafssyni**

(Örn Clausen hrl.)

Kynferðisbrot.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ákærði hefur áfrýjað máli þessu einvörðungu um ákvörðun refsingar, og var því af hálfu ákærvalds skotið til Hæstaréttar með stefnu 27. apríl 1994. Ákærði krefst styttri refsivistar og að hún verði dæmd skilorðsbundin.

Með skírskotun til raka hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, svo sem nánar greinir í dómsorði.

**D ó m s o r ð:**

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Guðmundur Ragnar Ólafsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

**Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 11. apríl 1994.**

Ár 1994, mánudaginn 11. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Allani Vagni Magnússyni héraðsdómara í Dómhúsinu við Lækjartorg, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-97/1994: Ákærvaldið gegn Guðmundi Ragnari Ólafssyni, sem dómtekið er í dag.

Mál þetta var höfðað með ákærskjali ríkissaksóknara, dagsettu 8. febrúar 1994 á hendur Guðmundi Ragnari Ólafssyni, Auðarstræti 3, Reykjavík, kt. 171261-4659, „fyrir kynferðisbrot með því að hafa að morgni mánudagsins 19. október 1992 haft kynferðismök við telpuna X, fædda 1985, á heimili

hennar að ... í Reykjavík, þar sem ákærði gætti hennar, og lét ákærði getnaðarlim sinn nema við kynfæri telpunnar þar sem hún lá á dýnu á gólfinu með buxur niður um sig.

Telst þetta varða við 1. málslíð 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 40/1992.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Með bréfi, dagsettu 3. ágúst 1993, til Rannsóknarlögreglu ríkisins kærði Barnaverndarnefnd Reykjavíkur ákærða ásamt öðrum manni fyrir kynferðisáreitni í garð stúlkunnar X, sem fædd er árið 1985. Sagði í kæru, að telpan héldi því fram, að mennirnir hefðu fyrir allöngu og hvor í sitt skiptið lagst ofan á hana og sett getnaðarlim sinn inn í kynfæri hennar.

Þorgeir Magnússon sálfræðingur ræddi við barnið og hefur greinargerð hans, dagsett 2. júlí 1993, verið lögð fram í málinu en þar segir m.a:

Ákærði kvað atvikalýsingu í ákæru rétta og skýrði svo frá um atvik: „Ég var að gæta hennar og var að leika við hana og eftir mikinn leik þá settist ég í sófann í stofunni og hún fletti frá skyrtunni og vildi fá að sjá á mér kynfærin. Ég sagði við hana, að það ætti ekki að gera. Hún æstist öll við það og vildi samt sem áður fá því framgengt og það var eitthvað sem lét undan hjá mér, ég fór með hana inn og spurði hana hvað hún vildi gera, hvað hún vildi sjá. Hún sagðist vilja sjá og vita hvernig fullorðna fólkíð gerði það. Ég sagði við hana að það væri ekki hægt og það ætti ekki að gera, en ég gerði það samt, sýndi henni kynfærin og hún dró niður um sig, niður að hnjám og ég niður að hnjám líka og lagði liminn við kynfærin hennar og meira var það ekki sem gerðist á þessari stundu.“

Ákærði kvaðst ekki hafa haft neinar hreyfingar og ekki lagst ofan á X eða neitt í þeim dúr. Sér hafi staðið óverulega, „svo að annar möguleiki var ekki fyrir hendi og ætlunin fyrir þessum verknaði var ekki fyrir hendi eða hugsunin til þess“ eins og ákærði orðaði það.

Þá sagði ákærði að það hefði komið fyrir í tvígang, að stúlkan hefði reynt að taka niður um hann buxurnar og verið í forvitni sinni að skoða eitthvað. Hann hefði alltaf ýtt því frá sér og sagt foreldrunum frá því í þau skipti, sem þetta gerðist.

Móðir X sagði í skýrslu sinni fyrir dómi, að barnið hefði kallað sig inn í herbergi og byrjað að segja sér frá. Hún hefði byrjað á að segja frá öðrum manni. Svo hefði komið í lokin, að hún héldi, að hún hefði gert þetta með Gumma líka, en hún héldi samt, að það væri draumur. Hún reyndi að skýra þetta út fyrir móður sinni, og reyndi móðirin að tala við hana þarna þetta kvöld, sem ekki hefði verið mikið, og fóru hjónin síðan með X til barna-

læknis, sem hún þekkir mjög vel, til þess að athuga, hvort hann gæti ekki fengið hana til þess að opna sig. Síðan hafi málin þróast þannig að læknirinn hafi sent þau til Þorgeirs Magnússonar, sem er barnasálfræðingur, og X sagt honum miklu meira heldur en vitninu.

Ákærði hefur viðurkennt að hann hafi lagt getnaðarlim sinn við kynfæri stúlkubarnsins sem þá var nýlega orðin 7 ára. Var ákærði á heimili hennar og átti að gæta hennar á meðan móðir stúlkunnar fór með systur hennar til læknis. Samkvæmt framburði móðurinnar og ákærða var þetta 19. október 1992. Með verknaði sínum gerðist ákærði brotlegur við 1. mgr., 1. málslíð, 202. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 10. gr. laga nr. 40/1992.

Ákærði hefur ekki áður sætt refsingu, svo að kunnugt sé.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í átta mánuði.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., 50.000 krónur, og 30.000 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðmundur Ragnar Ólafsson, sæti fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., 50.000 krónur, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur.